

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

678. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 10. janúar 2011 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Dagskrá:

1. Bréf Skotveiðifélags Íslands.
2. Bréf Samgöngu og sveitarstjórnarráðuneytis.
3. Ársskýrsla tjaldsvæðis í Kirkjuhvammi.
4. Bréf Velferðarráðuneytisins.
5. Ársskýrsla bókasafns, skjalasafns og fjarnámsstofu.
6. Reglur um úthlutun byggðakvóta.

Afgreiðslur:

1. Lagt fram bréf Skotveiðifélags Íslands dags. 28. desember 2010 um fyrirkomulag sölu rjúpnaveiðileyfa. Byggðarráð samþykkir að boða eignarréttarnefnd sveitarfélagsins til fundar vegna erindisins og sveitarstjóra falið að svara erindinu í framhaldi af þeim fundi.
2. Lagt fram til kynningar bréf Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins dags. 30. desember 2010.
3. Lögð fram til kynningar ársskýrsla 2010 fyrir tjaldsvæðið í Kirkjuhvammi.
4. Lagt fram bréf Velferðarráðuneytisins dags. 3. janúar 2011, þar sem því er beint til sveitarstjórna að tryggt verði að einstaklingar hafi að lágmarki sambærilega fjárhæð og atvinnuleysisbætur til framfærslu á mánuði. Byggðarráð felur sveitarstjóra og skrifstofustjóra að afla upplýsinga vegna erindisins.
5. Lögð fram til kynningar ársskýrsla 2010 fyrir bókasafn, skjalasafn og fjarnámsstofu.
6. Reglur um úthlutun byggðakvóta.

Byggðarráð Húnaþings vestra samþykkir eftirfarandi reglur um úthlutun 50 þorskígildistonna byggðakvóta á fiskveiðiárinu 2010/2011:

Ákvæði reglugerðar nr. 999 frá 2010 gilda með eftirfarandi viðaukum/breytingum:

- a) Byggðakvóta Húnaþings vestra verður skipt milli þeirra fiskiskipa sem gerð eru út frá Hvammstanga og fengið hafa úthlutun samkvæmt reglugerð nr. 675/2009 vegna aflabrests á rækju í innanverðum Húnaflóa og uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 999/2010 að öðru leyti. Skipting er eftirfarandi: 35% er skipt jafnt milli ofangreindra skipa og 65% milli ofangreindra skipa þannig að til viðmiðunar verði löndunarhæsta ár útgerðar í Hvammstangahöfn í þorskígildum talið. Viðmiðunarárin eru 3 síðustu fiskveiðiár nú 2007/2008, 2008/2009 og 2009/2010.
- b) Vinnsluskylda samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 999/2010 er felld niður og því orðast 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar þannig: Fiskiskipum er skylt að landa innan byggðarlagsins afla sem nemur, í þorskígildum talið, tvöföldu magni þess aflamarks sem þau fá úthlutað ... o.s.frv.

Rökstuðningur/viðaukar/breytingar frá reglugerð 999/2010 er felast í tillögum Húnaþings vestra eru eins og sérákvæði Húnaþings vestra voru endanlega hvað varðar byggðakvóta á fiskveiðiárinu 2009/2010. Hvað a) lið varðar þá er um sömu ákvæði að ræða og s.l. fiskveiðiár, rökstuðningur úthlutun byggðakvóta til Húnaþings vestra er

vegna skerðingar í veiðum og vinnslu á rækju. Hvað **b)** lið varðar þá er rökstuðningur sveitarstjórnar sá að í byggðarlaginu er engin bolfiskvinnsla.

Samþykkt að taka á dagskrá

7. Byggðarráð samþykkir að næsti fundur sveitarstjórnar verði haldinn 20. janúar n.k. kl 15:00 og kemur hann í stað reglulegs fundar sem vera átti þann 13. janúar nk.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl.15:12

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Stefán E. Böðvarsson.

Elín R. Líndal.

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.

Áheyrnarfulltrúi

Elín Jóna Rósinberg.

Guðrún Ragnarsdóttir, fundarritari